

Starfsáætlun leikskólans Höfðabergs 2023 – 2024



Höfðaberg
Æðarhöfði 2
S:5784499
<https://hofdaberg.karellen.is/>
tinnarun@lagafellsskoli.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Formáli.....	2
1. Ávarp leikskólastjóra	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	4
2.1 Matsáætlun	4
2.2 Innra mat leikskólans á leikskólastarfi.....	4
2.3 Ytra mat.....	6
2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	7
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	8
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	8
4. Starfsmannamál	10
4.1 Starfsmannahópurinn 2023.....	10
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	10
4.3 Símenntun síðasta árs	10
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	11
5. Aðrar upplýsingar	12
5.1 Barnahópurinn.....	12
5.2 Foreldrasamvinna.....	12
5.3 Samstarf við aðra skóla og stofnanir	13
5.4 Almennar upplýsingar	13
5.5 Áætlanir	13

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

1. Ávarp leikskólastjóra

Leikskólinn Höfðaberg hefur nú verið starfræktur í 10 ár og var haldið upp á stór afmælið með pompi og prakt í ágúst síðastliðnum. Þann 1. júlí varð Höfðaberg sér eining og er því ekki lengur hluti af Lágafellsskóla. Tími var kominn á þær breytingar enda Höfðaberg stærsti leikskólinn í Mosfellsbæ og einn af þeim stærri á landinu.

Það sem einkennt hefur starfið í Höfðabergi síðustu ár eru miklar breytingar. Leikskólinn hefur stækkað hratt en nú í ágúst fjölgaði deildunum úr sjö í níu. Sex deildir eru aldursblandaðar með börnum á aldrinum þriggja og fjögurra ára. Þrjár deildir eru aldurshreinar með fimm ára börnum. Leikskólaláss í Höfðabergi eru nú um 160.

Samhliða fjölgun barna hefur fjölgað í starfsmannahópnum og ýmsar breytingar orðið. Anna María aðstoðarleikskólastjóri lét af störfum þann 1. júní sl. og Lína Sigríður fyrrum deildarstjóri á Spóabergi tók við. Vegna þessa og stækkunar þá réðum við inn þrjá nýja deildarstjóra nú í haust. Fáar umsóknir bárust en allir nýir deildarstjórar eru starfsmenn sem unnu hér í Höfðabergi síðastliðinn vetur í öðrum stöðum.

Ráðningar í vor og upphafi sumars gengu ekki vel, en um miðjan júlí mánuð komst skrið á ráðningar og í byrjun september vorum við komin með góðan mönnun.

Mannauðurinn í Höfðabergi er mikill sem skilar sér í metnaðarfullu leikskólastarfi. Starfsfólkið leggur sig fram um að veita börnunum góða kennslu ásamt því að sýna þeim umhyggju og hlýju. Ég er stolt af niðurstöðum í síðustu starfsmannakönnun á vegum Mosfellsbæjar. Þar kom fram að starfsandinn í Höfðabergi er mjög góður og starfsánægja sem var góð eykst enn frekar.

Meirihluti starfsmanna fór í námsferð til Brighton í apríl síðastliðnum þar sem dvalið var við leik og störf. Eins hafa starfsmenn sótt ýmis námskeið sem áframhald verður á í vetur.

Samstarf við foreldra hefur verið gott og þar sem Höfðaberg er ekki lengur hluti af Lágafellsskóla hefur foreldraráð og foreldrafélag verið stofnað. Margir foreldrar gáfu kost á sér og markmiðið er að byggja upp enn betra foreldrasamstarf með samvinnu leikskóla og foreldra með hag barnanna í fyrirrúmi. Fyrsti fundur í báðum nefndum verður í byrjun október.

Í haust urðu breytingar á styttingu vinnuviku starfsmanna í leikskólum Mosfellsbæjar. Nú eru komnir inn skráningardagar sem við starfsmenn í góðri samvinnu við foreldra erum að þróa. Þessir skráningardagar gera það að verkum að flestir starfsmenn í föstu starfi eru í styttingu á sama tíma og þá er ekki verið að dreifa styttingu yfir á alla daga vikunnar með tilheyrandi manneklu. En flókið hefur verið að leysa styttingu vinnuviku starfsmanna síðasta árið. Þetta nýja skipulag hjálpar okkur í því að vernda leikskólastarfið og þá mikilvægu vinnu sem á sér stað með börnunum á degi hverjum.

Síðasta vetur hófst vinna á nýrri skólanámskrá Höfðabergs, sú vinna mun halda áfram þennan veturinn og standa vonir til að ný skólanámskrá verði tilbúin næsta vor.

Tinna Rún Eiríksdóttir
Leikskólastjóri Höfðabergs
Mosfellsbæ

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Matsáætlun

Skólaárið 2023-2024 munum við meta:

Kennsluáætlanir

Við erum að þróa samfellu á milli aldurshópa vegna breytinga á aldurshópi skólans. Við höfum stofnað ýmis teymi til þess að halda utan um faglegt starf skólans.

Teymin eru Blær, Lubbi finnur málbein, stærðfræði, málörvun, vettvangsferðir, þema og grænfána teymi.

Þessi teymi hafa lagt fram kennsluáætlanir fyrir starf vetrarins. Þessar kennsluáætlanir verða metnar tvisvar sinnum á þessu skólaári, um áramót og í vor. Kennsluáætlanir eru í stöðugri þróun og því metnar tvisvar á hverju ári, eftir haustönnina og eftir vorönnina.

Allir hópstjórar meta hverja kennslustund og metur deildin svo sameiginlega kennsluáætlunina á sinni deild með því að skila greinagerð til hvers teymis. Teymið sér um úrvinnslu.

Skipulag útiveru

Höfðaberg stækkaði um tvær deildir í ágúst síðastliðnum. Vegna fjölgunar barna, þá þurfum við að endurskoða skipulag útiveru. Til að öll börn fá að njóta sín í útiveru þarf að sjá til þess að skipting í útiveru sé nokkuð jöfn. Áður voru 5 ára börnin með sér útiveru og 3ja og 4ja ára deildir saman í útiveru. Í nýja skipulaginu er deildum blandað saman í útiveru og það skiptist eftir dögum hvaða 3ja og 4ja ára deildir fara út með 5 ára börnum.

Með þessu nýja skipulagi þá er fjöldi barna í útiveru svipaður og eins er meiri blöndun milli allra árganga og deilda í útiveru.

Metið verður í janúar og júní 2024 hvernig gengur og munu allir starfsmenn koma að matinu.

2.2 Innra mat leikskólans á leikskólastarfi

Skólaárið 2022- 2023 voru eftirfarandi þættir metnir:

Aðlögun

Aðlögun var metin með rafrænni könnun til foreldra. Foreldrar fengu þessa könnun senda í september 2022 og út frá niðurstöðum var ákveðið að bjóða öllum nýjum foreldrum viðtal áður en leikskólavist barnanna hófst. Foreldrar nýrra barna komu því allir í viðtal til deildarstjóra í júní 2023. Út frá könnun var aðlögun þriggja ára barna einnig stytt í 3 daga úr 4 dögum.

Heimasíða Höfðabergs

Lokið var við heimasíðu Höfðabergs vorið 2023 og er heimasíðan komin í réttan farveg. Þar má nálgast upplýsingar um leikskólann, til dæmis kennsluáætlanir, viðbragðsáætlanir og skóladagatöl. Deildarstjórar minna reglulega á heimasíðuna í tölvupóstum til foreldra.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir voru metnar í janúar og júní. Kennsluáætlanirnar voru metnar út frá því hvernig námsstundirnar gengu og hvernig börnin og starfsfólkið upplifði stundirnar. Hópstjórar komu saman til að meta kennsluáætlanirnar en áður höfðu deildarnar fundað og skilað inn álitni til hópstjóra. Almenn ánægja var með kennsluáætlanirnar og ákveðið var að halda áfram með sama grunn í kennsluáætlunum og byggja á grunninum þá þekkingu og reynslu sem við höfðum búið til með námsstundunum um veturinn.

Kennsluáætlanir verða metnar áfram veturinn 2023-2024.

Matartími í 5 ára álmu

Eftir að fyrirkomulag á matartímum í 5 ára álmu hafði verið skoðað var ákveðið að breyta til. Núna borða börnin á 2 borðum inni á deildunum sínum en áður höfðu þau borðað saman í sameiginlegu rými. Nýja fyrirkomulagið hefur gengið mjög vel og kennarar telja sig ná betur til hvers og eins barn með t.d. borðsiði, sjálfshjálpi og málörvun við matarborðið. Breytingin átti sér stað í nóvember 2022 og var endurmat gert í júní 2023, þar var ákveðið að halda áfram með nýtt fyrirkomulag.

Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn

Unnið var að móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Það var gert með að útbúa starfsmannakver með öllum helstu upplýsingum fyrir starfsmenn og eru starfsmannakverin staðsett á hverri deild. Vinnu við að skrásetja nákvæma verkferla þegar nýr starfsmaður tekur til starfa lauk í ágúst 2023.

Skólanámskrá

Vinna hófst við skólanámskránnu og er henni ekki lokið en Höfðaberg hefur stækkað hratt síðustu ár ásamt því að miklar breytingar hafa orðið á aldri barnanna. Stefnt er að því að ljúka við að uppfæra skólanámskránnu apríl 2024.

Tengsl við foreldra

Frá maí 2022 hafa allir deildarstjórar unnið einn dag í viku til 16:30. Það hefur reynst vel og aukið tengsl deildarstjóra við foreldra. Eins hefur þetta aukið öryggi í leikskólanum eftir kl:16:00 þar sem ávallt er þá a.m.k einn stjórnandi í húsi.

Við tókum aftur upp foreldrakaffi en það var búið að vera í dvala í Covid en foreldrakaffið var vel sótt og er komið til að vera árlega. Opið hús hefur fest sig í sessi og er það haldið í maí á hverju ári.

2.3 Ytra mat

Framkvæmd er foreldrakönnun á Höfðabergi annað hvert ár, næsta könnun verður í febrúar 2024. Skólapúlsinn sér um framkvæmd könnunar. Þar sem ekki var gerð foreldrakönnun í ár er ekki gerð umbótaáætlun byggða á foreldrakönnunni.

Starfsmannakönnun er framkvæmd árlega. Mannauðsdeild Mosfellsbæjar sér um framkvæmd könnunar.

Þátttaka í starfsmannakönnun Höfðabergs var 100% og kom hún mjög vel út, helstu niðurstöður voru:

- Starfsánægja eykst
- Starfsandi helst áfram hár (4,5 af 5)
- Upplýsingaflæði er gott (4,3 af 5)
- Forgangsröðun verkefna stendur í stað
- Álag í starfi minnkar (4,3 í 4,1)

Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar bentu ekki til þess að umbóta væri þörf. Við stefnum þó alltaf að því að gera gott vinnuumhverfi enn betra.

Á 5 ára fresti er sótt um úttekt á leikskólanum til Menntamálastofnunar. Umsjón með því hefur Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar.

2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	Endurmat
<p>Kennsluáætlanir/ vinna í teyllum</p> <p>Lubbi finnur málbein</p> <p>Blær</p> <p>Stærðfræði</p> <p>Markviss málörvun</p> <p>Vettvangsferðir</p> <p>Grænfánateymi</p> <p>Þema</p>	<p>Gera starfið sýnilegt, veita starfsmönnum öryggi í starfi.</p> <p>Þróa samfellu í kennsluáætlunum 3- 5 ára barna.</p>	<p>Skólaárið 2023-2024</p>	<p>Teymisstjóri og stjórnendur leikskólans</p>	<p>Janúar 2024 og Júní 2024</p>
<p>Skólanámskrá</p>	<p>Móta stefnu leikskólans fyrir börn á aldrinum 3-5 ára</p>	<p>Skólaárið 2023-2024</p>	<p>Stjórnendateymi leikskólans</p>	<p>Eftir 3-5 ár.</p>
<p>Tengsl við foreldra og aðlögun</p>	<p>Breyting á vinnutíma deildarstjóra. Vinna nú einn dag í viku til 16:30.</p> <p>Opið hús</p> <p>foreldrakaffi</p> <p>Stytting aðlögun nýrra barna í 3 daga</p>	<p>Maí 2022</p> <p>Maí 2022 og framvegis að vori.</p> <p>Desember 2022 og framvegis einu sinni á ári.</p> <p>Ágúst 2023</p>	<p>Stjórnendateymi leikskólans</p>	<p>Foreldraviðtöl veturinn 2023- 2024 og Foreldrakönnun 2024</p>

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Endurmenntun starfsmanna

Starfsmenn sækja ýmis námskeið í leikskólanum, allir starfsmenn fá Blæ námskeið í lok ágúst 2023, í september er fræðsla frá samtökunum 78. Einnig er áætlað að starfsmenn sæki námskeið á menntakviku á starfsdegi í september.

Learncove er fræðsluvefur hjá Mosfellsbæ og þar eru ýmis námskeið í boði fyrir starfsmenn og eru starfsmenn Höfðabergs hvattir til að nýta sér þessi námskeið. Það er verið að endurvekja Kraganámskeiðin, sem eru námskeið ætluð leikskólastarfsfólki í kraganum, og þau námskeið munu standa starfsmönnum Höfðabergs til boða.

Vettvangsferðir

Stofnað hefur verið teymi utan um vettvangsferðir sem setur upp skipulag og hugmyndir fyrir vettvangsferðir. Nánast allir starfsmenn sóttu útikennslunámskeið í námsferð sem leikskólinn fór í apríl 2022 til Brighton og er áhugi fyrir því að auka vettvangsferðir og útikennslu í starfinu. Börnin læra á því að skoða nærumhverfi sitt og læra á vettvangi um náttúruna og umhverfið.

Útisvæði

Leikskólalóð leikskólans hefur verið skipt upp í svæði þar sem deildar skiptast vikulega á að bera ábyrgð á þeim svæðum. Lagt var upp með svæðisskiptingu á útisvæði til þess að auka hreyfanleika starfsfólks og það sé starfsfólk á öllum svæðum til þess að tryggja öryggi barnanna um allan leikskólagarð.

Okkur fannst þörf á að skipta upp svæðum og gera hverja deild ábyrga fyrir einu svæði. Með þessu nýja fyrirkomulagi er von okkar sú að gæsla á öllum svæðum í garðinum verði góð og að starfsmenn hafi góða yfirsýn yfir allan garðinn sem er þó nokkuð stór.

Áherslur leikskólans næsta skólaár

Verkefni	Markmið/leiðir	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	Endurmat
Endurmenntun starfsmanna	Ýmis námskeið og fræðsla í boði á vinnukvöldum og starfsdögum	Skólaárið 2023 -2024	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri	Vor 2024
Vettvangsferðir	Áætlun með hugmyndum yfir vettvangsferðir sett á allar deildir	Skólaárið 2023 -2024	Vettvangsteymið Deildarstjórar	Vor 2024
Útisvæði	Setja upp vikulega svæðisskiptingu fyrir deildirnar	Skólaárið 2023- 2024	Aðstoðarleikskólastjóri	Vor 2024

4. Starfsmannamál

4.1 Starfsmannahópurinn 2023

Stöðugildi í Höfðabergi eru frá 1. september 2023 40.8. Þann 1. september 2023 eru við störf 43 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Níu starfsmenn eru með annað móðurmál en íslensku, en það eru pólska, danska, þýska, úkraínska, ungverska, rúmenska og spænska.

Leikskólakennarar í Höfðabergi eru átta og sex starfsmenn hafa aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Mannauður Höfðabergs	Sept. 2023
Fjöldi starfsmanna	43
Fjöldi starfsmanna 0-1 árs starfsaldur	8
Fjöldi starfsmanna 1-5 ára starfsaldur	19
Fjöldi starfsmanna 5-10 ára starfsaldur	6
Fjöldi starfsmanna 10-20 ára starfsaldur	10
Fjöldi leikskólakennara	8
Fjöldi háskólamenntaðra starfsmanna	6
Fjöldi starfsmanna í leikskólakennara/þroskaþjálfanami	4
Annað móðurmál en íslenska	9

4.2 Starfsþróunarsamtöl

- Deildarstjórar ræða við nýja starfsmenn á deildinni sinni eftir 4 til 5 vikur í starfi.
- Deildarstjórar taka starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn á sinni deild bæði á haustönninni og vorönninni.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri bjóða öllum starfsmönnum upp á starfsþróunarsamtöl að vori.
- Allir starfsmenn hafa greiðan aðgang að stjórnendum og geta óskað eftir samtali þegar þörf er á.

4.3 Símenntun síðasta árs

- Á síðasta skólaári fóru allir starfsmenn á Lubbi finnur málbein námskeið
- Tveir starfsmenn úr stærðfræðiteymi skólans, sóttu stærðfræði námskeið 3 klst í senn, einu sinni í mánuði í 6 mánuði
- Einn starfsmaður í málörvunarteymi skólans, sótti málörvunarnámskeiðið, Málörvun með

sögum og söng . Námskeiðið var í 3 klukkustundir í senn í 6 skipti.

- Einn starfsmaður útskrifaðist úr mastersnámi við leikskólakennarafræði í HÍ.
- Einn starfsmaður var í þroskaþjálfanámi í HÍ.
- Meiri hluti starfsmanna fór í námsferð til Brighton í apríl 2023. Þar voru sótt ýmis námskeið t.d. Numicon, útikennslunámskeið, storytelling ásamt skólaheimsóknum.
- Sérkennslustjóri fór á AEPS réttinda námskeið hjá RGR.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Sérkennslustjóri er í diplómanámi í farsæld barna í HÍ.
- Allir starfsmenn fara á 3 klst Blæ námskeið hjá Barnaheill.
- Allir starfsmenn fá fræðslu frá Samtökunum 78.
- Þrír starfsmenn eru í þroskaþjálfanámi í HÍ.
- Einn deildarstjóri er í fagháskólanámi í leikskólafræðum.
- Skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn.
- Kraganámskeið fyrir starfsmenn.
- Ýmis rafræn námskeið.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn

Börn í Höfðabergi	Sept. 2023
Fjöldi barna	152
3 ára börn	56
4 ára börn	47
5 ára börn	49
Fjöldi tvítyngdra barna	22
Fjöldi barna með báða foreldra erlenda	7
Fjöldi tungumála	13

Þau tungumál sem börnin í Höfðabergi tala eru íslenska, spænska, norska, danska, ungerska, rússneska, kínverska, pólska, portúgalska, sænska, litháenska, þýska og enska.

5.2 Foreldrasamvinna

Höfðaberg varð sjálfstæð stofnun í júlí 2023, áður hafði Höfðaberg verið hluti af Lágafellsskóla. Síðustu ár hafa Höfðaberg og Lágafellsskóli verið með sameiginlegt foreldraráð og foreldrafélag. Nú er því komið að því að Höfðaberg þarf að stofna foreldraráð og foreldrafélag. Búið er að fá foreldra til þátttöku í báðum nefndum. Stofnfundir verða í byrjun október 2023.

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári. Foreldrar eru boðaðir einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn í viðtal við deildarstjóra. Boðið hefur verið upp á annað hvort rafrænt viðtal, símaviðtal eða viðtal í Höfðabergi.

Boðið var upp á þá nýjung í vor 2023 að bjóða nýjum foreldrum viðtöl áður en leikskólavist barna þeirra hófst. Voru viðtölin vel sótt og voru foreldrar ánægðir með það að fá að koma og hitta deildarstjóra og skoða aðstæður áður en börnin byrjuðu í leikskólanum.

5.3 Samstarf við aðra skóla og stofnanir

- Samstarf Höfðabergs og Huldubergs um heimsóknir 3 ára barna frá Huldubergi. Þetta er hluti af aðlögunar þessa aldurs hóps yfir á Höfðaberg.
- Brúum bilið verkefni með Lágafellsskóla er samstarf um að brúa bilið milli leik- og grunnskóla.
- Gaman saman verkefni með dvalarheimili aldraðra í Mosfellsbæ. Elstu börn leikskóla fara í nokkrar heimsóknir á dvalarheimilið og syngja með eldri borgurum.
- Bókasafnsferðir á Bókasafn Mosfellsbæjar. Öll börn fara í sögustundir á bókasafnið.
- Bókabíllinn Æringi hefur komið í heimsóknir á Höfðaberg og boðið börnum upp á sögustund.
- Grasagarðurinn. Elstu börn leikskólans er boðið í heimsóknina Smádýrapokinn. Þar fá börnin fræðslu um heim íslensku smádýranna.
- Elstu börnum leikskólans fara í Þjóðleikshúsið á sýninguna Ég get.

5.4 Almennar upplýsingar

Skólalagatal 2023- 2024

<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/sk%C3%B3ladagatal/leikskoladagatal-2023-2024%20h%C3%B6f%C3%B0aberg%20foreldrar.pdf>

Foreldrabæklingur Höfðabergs – móttaka nýrra barna

[https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/foreldrab%C3%A6klingur%20\(2\).pdf](https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/foreldrab%C3%A6klingur%20(2).pdf)

Snemmtæk íhlutun

<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/h%C3%B6f%C3%B0aberg%20-%20handb%C3%B3k%20snemmt%C3%A6k%20%C3%ADhlutun.%20lokaskjal%2027.10.20..pdf>

5.5 Áætlanir

Viðbragðsáætlun vegna:

- Óveðurs
<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20%C3%B3ve%C3%B0urs.pdf>
- Náttúruhamfara
<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20n%C3%A1tt%C3%BAruhamfara.pdf>
- Slysa á börnum og ef börn týnast
<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20slysa%20%C3%A1%20b%C3%B6rnnum%20og%20ef%20b%C3%B6rn%20t%C3%BDnast.pdf>
- Rýmingaráætlun Höfðabergs
<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/r%C3%BDmingar%C3%A1%C3%A6tlun%20h%C3%B6f%C3%B0abergs.pdf>

